

1001008SA BÓH

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

87. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn þriðjudaginn 2. október 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Fyrirkomulag funda samstarfsnefndar og úrvinnsla mála

Niðurstaða:

Í þeim tilvikum þegar upp koma álitamál sem ekki þola bið milli funda samstarfsnefndar geta samningsaðilar komist að sameiginlegri niðurstöðu/túlkun sem þá er hægt að upplýsa málsaðila um. Komi slíkt upp og eðli málsins er þannig skal ávallt staðfesta slíka niðurstöðu á næsta fundi samstarfsnefndar.

2. Ósk kennara um greiðslu yfirvinnu í þeim tilvikum sem hann matast með nemendum. – 1712040SA

Málið lýtur að kennara sem frá upphafi ráðningar segist hafa snætt með nemendum sínum í 20 mínútur á dag og telur sig því ekki hafa notið kjarasamningsbundinna réttinda um að njóta matarhlés skv. gr. 3.1.2.

Niðurstaða:

Kennarar sem ekki fengu 20 mínútna neyslulhé sbr. skipulag skólastarfs og óstaðfestu samkomulagi kennara og stjórnenda skólaárin 2015-2016 og 2016-2017 fá umrædd neyslulhé greidd. Greiðslur skulu inntar af hendi skv. fyrirliggjandi gögnum um vinnuskil miðað við umsaminn laun á hverjum tíma auk dráttarvaxta. Málinu er vísað til afgreiðslu heim í hérað samkvæmt ofangreindu.

Samstarfsnefnd vill minna sveitarfélög, stjórnendur og kennara á að öll frávik frá hefðbundnu vinnufyrirkomulagi þar sem samið er um ákveðið vinnufyrirkomulag gegn einhverskonar fríðindum eða ívilnun s.s. gagnvart vinnutíma, frítökurétti eða öðrum óskilgreindum þáttum sé ávallt skjalfest frá ári til árs s.s. með bókun í fundargerð á kennarafundi eða með skriflegu samkomulagi milli aðila.

3. Vinnumat kennara sem telja sig vinna sambærileg störf. – 1805032SA

Málið lítur að óánægju kennara sem fékk ekki sömu niðurstöðu úr vinnumati og samstarfsmaður. Niðurstaðan leiddi til þess að kennsluskylda kennarans veturinn 2017 -2018 var ekki sú sama svo munaði einni kennslustund. Frá síðasta fundi samstarfsnefndar hefur nefndinni borist greinargerð og frekari gögn frá sveitarfélaginu.

Niðurstaða:

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki hægt að fallast á að vinnumat kennarans skólaárið 2017 – 2018 hafi ekki verið rétt.

4. Endurnýjun 360 daga veikindaréttar. – 1810010SA

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd hefur ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig farið er með endurnýjun 360 daga veikindaréttar.

Aðilar eru sammála um að vísa sameiginlega ofangreindum ágreiningi til samráðsnefndar sem fjallar um túlkun og útfærslu ákvæða um veikindarétt sbr grein 13.2.9 í kjarasamningi aðila. Hvor aðili taki saman greinargerð sem fylgi sameiginlegu erindi til nefndarinnar. Hvor aðili um sig er tilbúin að fallast á þá framkvæmd sem niðurstaða samráðsnefndarinnar leiðir til.

5. Mat á menntun grunnskólakennara samkvæmt grein 1.3.2.1. – 1810011SA

Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:

Árétting samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) varðandi framkvæmd nýs menntunarákvæðis í kjarasamningi við Félag grunnskólakennara (FG) sem undirritaður var 25. maí 2018.

Á fundi samstarfsnefndar SNS og KÍ vegna Félags grunnskólakennara, þriðjudaginn 24. september s.l., kom upp ágreiningur um túlkun á nýju menntunarákvæði í gildandi kjarasamningi aðila gr. 1.3.2.1 um persónuálag vegna viðbótarmenntunar sem hljóðar svo:

„1.3.2 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar grunnskólakennara og náms- og starfsráðgjafa.

1.3.2.1 Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnnám til B.Ed prófs eða annað sambærilegt bakkalárpróf fær starfsmaður með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi hans. Sama gildir um náms- og starfsráðgjafa sem hafa leyfi til að starfa sem slíkir.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram staðfest námsferilsyfirlit frá viðkomandi háskóla til vinnuveitanda. Á námsferilsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir loknar ECTS einingar.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar og að námið nýtist í starfi. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 16%.

Starfsmaður sem hefur lokið formlegu doktorsprófi fær 6% til viðbótar enda hafi hann skilað prófskírteini frá viðkomandi háskóla.

Starfsmenn sem fá menntun metna samkvæmt ofangreindu taka laun eftir launatöflu 1.“

Ágreiningur aðila snýr einkum að því hvaða nám telst grunnnám og hvaða nám telst vera sem viðbótarnám samkvæmt grein 1.3.2.1.

Markmið SNS með upptöku nýs menntunarkafla fyrir kennara voru í kjaraviðræðum aðila árið 2018, kynntar samninganefndum félagsins þ.e. samninganefnd FG undir stjórn Ólafs Loftssonar og síðar við viðræðunefnd undir stjórn Þorgerðar L. Diðriksdóttur.

Eftir að kröfur um menntun kennara voru auknar úr þriggja ára B.Ed. prófi í 5 ára M.Ed. próf hrundi aðsókn í kennaranám. Á næstu árum munu sveitarfélögin því standa frammi fyrir alvarlegum kennaraskorti og mikil þörf er á aðgerðum til að fjölga í kennarastéttinni. Staðreyndin er einnig sú að þrátt fyrir að auknar menntunarkröfur séu nú gerðar til kennara samkvæmt lögum, hefur einungis um 10% grunnskólakennara lokið M.Ed. prófi. Með nýjum menntunarkafla var því markmið SNS að auka launalegan hvata í kjarasamningnum til að velja kennaranám og einnig fyrir þá starfandi kennara sem vilja ljúka M.Ed. prófi. Samkvæmt grein 1.3.2.2 geta kennarar valið að halda gildandi mati á námi sínu samkvæmt eldra menntunarákvæði s.s. vegna náms í skólum sem ekki eru háskólastigi þ.e. gr. 1.3.2 eins og hún stóð í kjarasamningi aðila sem í gildi var til 30. nóvember 2017 eða geta valið sig inn í nýja menntunarkaflann komi það betur út fyrir þá nú eða síðar.

SNS gaf í júlí 2018 út nánari leiðbeiningar við mat á námi og um val kennara milli greina 1.3.2.1 og 1.3.2.2 sem finna má á heimasíðu sambandsins http://www.samband.is/media/kjarasamningarki/leidbeiningar_mat-a-nami_10.7.2018_lok.pdf, en í megin atriðum er munur á greinum 1.3.2.1 og 1.3.2.2 eftirfarandi:

Grein 1.3.2.1 metur eingöngu til persónuálagsstiga einingabært háskólanám, nú samkvæmt ECTS háskólaeiningum, sem lokið hefur verið við viðurkennda háskóla þ.e. grunnnám til B.Ed prófs eða annað sambærilegt bakkalárpróf sem mennta- og menningarmálaráðherra viðurkennir með leyfisbréfi til kennslu á grunnskólastigi samkvæmt 1. tölulið 4. grein laga nr. 87/2008.

Nám sem lokið er á lægri skólastigum er ekki metið samkvæmt grein 1.3.2.1 heldur samkvæmt grein 1.3.2.2, jafnvel þó að námið hafi á einhverjum tíma verið metið til ígildis háskólaeininga eða sem jafngilt nám sé að ræða. Undantekningin frá framangreindu er að eitt lokapróf frá Kennaraskólanum, Fósturskóla Íslands eða við Íþróttaskólann á Laugarvatni er metið jafngilt 180 ECTS eininga grunnnámi á háskólastigi sbr. 1. mgr. gr. 1.3.2.1.

Þá er jafnframt vísað til eftirfarandi skýringa vegna menntunarákvæða í kjarasamningi SNS:

Skýringar í stafliðum a – j fela í sér þá nálgun sem samninganefnd sambandsins hefur lagt/lagði til grundvallar í umræðum við FG um grein 1.3.2.1 og 1.3.2.2. (1.3.2) sem fóru fram frá því í mars 2018 til maí 2018.

- a) Samkvæmt nýju menntunarákvæði er einungis metið nám sem gefur ECTS einingar og lokið er við háskóla (skóla sem eru viðurkenndir sem háskólar og hafa starfsleyfi sem slíkir, sjá orðalag greinar 2.1.6.1.). Ekki er kveðið á um það í orðalagi greinarinnar að meta skuli nám sem lokið er á öðrum skólastigum eða forvera háskólanáms til jafngildis við háskólanám.
- b) Áður en hægt er að líta á nám sem viðbótarmenntun sem metið er til persónuálags þarf kennari að hafa lokið B.ed. eða sambærilegu 180 ECTS eininga grunnnámi á háskólastigi og hafa leyfisbréf til kennslu í grunnskóla. (Undantekning frá þessu er nám sem var forveri kennaranáms á háskólastigi sem veitti starfsleyfi/leyfisbréf strax að loknu námi s.s nám við Kennaraskólann og Íþróttaskólann á Laugarvatni) (Fósturskólinn í tilfelli FL).

- c) Hafi einhver lokið námi við Fósturskólann og Kennaraskólann er bara annað námið metið jafngildi 180 ECTS grunnprófs og seinna námið fellur þá undir nám sem ekki er metið þar sem það er ekki á háskólastigi sbr. a) lið hér að ofan.
- d) Viðbótarnám sem lokið var við kennaramenntunarstofnanir meðan þær voru ekki á háskólastigi er ekki metið til persónuálags s.s. ef einhver bætti við sig stjórnun, sérkennslunámi eða öðru óskilgreindu námi sem ekki var á háskólastigi sbr. a) lið hér að ofan.
- e) Sambland námsleiða sem gefur/gaf leyfisbréf er ekki jafngilt 180 ECTS grunnnámi. Hér er sem dæmi átt við iðnnám á framhaldsskólastigi + 60 ECTS í uppeldis og kennslufræði eða listnám á framhaldsskólastigi + Uppeldis og kennslufræði 60 ECTS.
- f) Nám við skóla sem ekki eru á háskólastigi s.s. Mynd- og handíðaskólinn, listnám, söngnám, iðnnám er ekki metið til persónuálags sem viðbótarmenntun. (Vegna þess að þetta nám og leyfisbréf er ekki metið í nýja kaflanum var samið um að gamli kaflinn gildi áfram fyrir þá sem hugsanlega hefðu misst rétt til viðbótalauna vegna menntunar (sólarlagsákvæði gr. 1.3.2.2.) sem lokið var frá þessum skólum sem eru ekki á háskólastigi. SNS lítur svo á að ef meta átti þetta nám áfram í nýjum kafla hefði gamla menntunarákvæðið ekki þurft að vera sólarlag og greinin hefði getað staðið óbreytt að því undanskildu að námið væri ekki lengur metið til launaflokka heldur persónuálags.
- g) Nám/námskeið sem lokið var við skóla sem ekki eru á háskólastigi og metið var jafngilt til ákveðinna háskólaeininga af samstarfsnefnd FG og SNS sbr. ákvæði greinar 1.3.2, eins og greinin var í kjarasamningi sem gildi til 30. nóvember 2017, er ekki metið til persónuálags sem viðbótarnám þó það kunni að hafa fengið afgreiðslu sem fól í sér jafngildinguna til ECTS eininga. Slíkar ákvarðanir sem samstarfsnefnd tók eru einungis áfram í gildi fyrir þá félagsmenn sem velja að fá laun greidd áfram skv. eldra ákvæði um viðbótarmenntun, próf og leyfisbréf sbr. gr. 1.3.2.2. (sólarlag) og 1.3.2 í eldri samningi.
- h) Leyfisbréf eru ekki metin skv. nýju menntunarákvæði.
- i) Ekki var samið um það milli aðila að fela háskólum/HÍ eða LHÍ að meta nám sem lokið er við skóla sem ekki eru á háskólastigi, sbr. a) lið hér að ofan, til jafngildis við ECTS einingar s.s. í tilfellum sem skólinn metur það sjálfur að námið megi jafna til háskólaeininga s.s. vegna inntökuskilyrða skólanna í nám.
- j) Aðilar eru sammála um að fela ENIC/NARIC Matsskrifstofu háskólastigsins að meta nám frá erlendum háskólum. Hér er einungis um að ræða nám sem ekki felur í sér ECTS einingar en innifelur aðrar viðurkenndar einingar á háskólastigi (s.s. Credits í bandarískum háskólum) Skilyrði er að um sé að ræða háskólaeiningar sem jafna má við ECTS eininga. Matsskrifstofan eða Háskólar áttu ekki í neinu tilfelli að meta nám við skóla sem eru ekki háskólar eða nám sem skilaði ekki viðurkenndum háskólaeiningum í því landi sem um ræðir hverju sinni.

Fulltrúar FG vilja bóka eftirfarandi:

Málsútlistun fulltrúa SNS sem hér hefur verið reifuð kemur flatt upp á FG og lýsir FG sig ósammála henni í grundvallaratriðum og telur að ekki sé stoð fyrir henni í viðkomandi samningsgrein. Fyrst afstaða SNS er þessi mun FG undirbúa málshöfðun fyrir Félagsdómi þar sem ágreiningur um efni greinarinnar verður borinn undir dóminn.

6. Útgáfa heildarkjarasamnings.

Niðurstaða:

Stefnt er að því að ljúka rafrænni útgáfu á heildarkjarasamningi eigi síðar en í lok október 2018.

7. Grein 1.3.4, Kennarapróf jafngild til launa. – 1810012SA

Niðurstaða:

Málið rætt.

8. Heimild til að vals á menntunarákvæði sbr. greinar 1.3.2.1 persónuálag vegna viðbótarmenntunar og grein 1.3.2.2 viðbótarlaunaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa. – 1010013SA

Niðurstaða:

Málið rætt. Fulltrúar SNS munu taka málið til skoðunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.